



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Gjaldskrárreglur Leikskólans Leikholtis



Gjaldskrá leikskólans er endurskoðuð einu sinni á ári af skólanefnd sem gerir tillögu til sveitarstjórnar um breytingar á henni.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir að stærstum hluta kostnað við leikskóladvöl barna og fæðiskostnað í leikskólanum Leikholti. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við dvalartíma barns þeirra skv. dvalarsamningi. Að auki greiða foreldrar fyrir þann tíma sem börn þeirra dvelja umfram skilgreinds opnunartíma, umframvistunargjald.

Hægt er sækja um að fá niðurfellingu á umframvistunargjöldum í lengri tíma, miðast við heilar vikur, ef ósk um slíkt berst til leikskólastjóra með mánaðar fyrirvara áður en leyfi á að hefjast (hvert tilfelli verður þó metið fyrir sig). Niðurfelling gjalda er færð til frádráttar í mánuðinum eftir á. Að öðrum kosti telst dvalarsamningurinn í gildi og greiða þarf fullt gjald fyrir plássíð. Ekki eru greidd leikskólagjöld á meðan leikskóli er lokaður vegna sumarlokunar.

Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót.

Afslættir:

Systkinaafsláttur: Veittur er systkinaafsláttur af vistunargjaldi, 25% fyrir annað barn og 50% fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla og skólavistunar. Afsláttur reiknast á elsta barnið. Skilyrði afsláttar er að börn hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í Þjóðskrá.

Einstæðir foreldrar: Veittur er afsláttur af vistunargjaldi fyrir einstæða foreldra, 25%.

Hefji einstætt foreldri sambúð skal það greiða herra gjald frá þeim tíma sem sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni til að fá lækkun á gjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði systkinaafslátt og afslátt sem einstætt foreldri. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. mars.2026